

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 318/1991.

Hörður Jónsson

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Vogalax hf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Gjaldprotaskipti. Hlutfjárhækkun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1991. Hann gerir þær dómkröfur, „að krafa nr. 87 á skrá um lýstar kröfur í Þrotabúi Vogalax hf., að fjárhæð kr. 7.500.000,00, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá 22. júní 1988 til greiðsludags verði viðurkennd sem almenn krafa“. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Eins og þar kemur fram, fjallar ágreiningur aðila um gildi hlutfjárhækkunar hjá Vogalaxi hf. Heldur áfrýjandi því fram, að ekki hafi verið tekin gild ákvörðun um hlutfjárhækkun 15. maí 1987. Þá hafi aðferð sú, sem höfð var við áskrift hluta, ekki verið í samræmi við V. kafla laga nr. 32/1978 um hlutfélög, auk þess sem áskrift hafi ekki náðst að því lágmarki, sem ákveðið var. Loks hafi reglum hlutfélagalaga um skráningu ekki verið fylgt sem skyldi.

I.

Á aðalfundi Vogalax hf. 15. maí 1987 var stjórn félagsins heimilað að hækka hlutféð um allt að 50.000.000 krónur. Á fundi þessum voru hluthafar eða umboðsmenn þeirra, sem fóru með að minnsta kosti 99,8% þess hlutfjár, er fara mátti með atkvæði fyrir á fundinum. Samkvæmt 27. gr. hlutfélagalaga var fundurinn bær um að taka ákvörðun um hækkun hlutfjár. Er fallist á það með skipta-

réttri, að löglega hafi verið tekin ákvörðun um hlutafjárhækkun, og breytti því eigi, þótt þar hafi skort á nánari útfærslu hlutafjárhækkunarinnar.

II.

Fallast ber á þá úrlausn skiptaréttar, að áskrift nýrra hluta hafi ekki farið fram að öllu leyti samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 32/1978, en eins og í úrskurðinum greinir, getur áfrýjandi ekki borið það fyrir sig, að áskriftin sé óskuldbindandi af þeim sökum.

Hinn 27. ágúst 1987 tilkynnti stjórn Vogalax hf. til Hlutfélagaskrár þá ákvörðun sína að auka hlutfé félagsins um 50.000.000 krónur. Verður við það að miða, að frestur til áskriftar hafi runnið út 27. ágúst 1988. Í hinum áfrýjaða úrskurði er lýst samningum þeim, sem áfrýjandi og Gísli V. Einarsson gerðu 16. júní 1988 við stjórn Vogalax hf. um kaup á eftirstöðvum hlutafjárútboðsins. Fjallaði annar um kaup þeirra á hlutabréfum fyrir 15.000.000 krónur að nafnvirði. Hinn fjallaði um skilyrtan kauprétt áfrýjanda og Gísla á hlutabréfum að nafnverði 26.580.000 krónur. Samkvæmt 3. gr. þess samnings áttu kaupendur rétt á að ganga út úr kaupunum fyrir 1. október 1988, teldu þeir forsendur kaupanna vera brostnar. Það gerðu þeir ekki, og verður að telja, að áskrift að allri hlutafjárhækkuninni hafi tekist innan frestsins.

III.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, var hlutafjárhækkunin ekki tilkynnt til Hlutfélagaskrár, eins og gera skal samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 32/1978. Áfrýjandi var kosinn í stjórn Vogalax hf. 13. maí 1988. Framkvæmdastjóri félagsins bar fyrir dómi, að áfrýjandi hefði fylgst mjög náið með öllum rekstri félagsins, frá því að hann kom í stjórn þess. Áfrýjandi var einnig varamaður í stjórn Fjárfestingarfélags Íslands hf. frá 21. maí 1985 til 19. apríl 1989, er hann var kosinn í aðalstjórn. Fjárfestingarfélagið átti meiri hluta hlutafjár í Vogalaxi hf., þar til áfrýjandi og Gísli V. Einarsson keyptu hlutabréf í félaginu, en 23. maí 1990 keyptu þeir að auki hlutabréf Fjárfestingarfélagsins í félaginu. Áfrýjandi gerði engar athugasemdir við framangreinda hlutafjárhækkun fyrr en 9. ágúst 1990, þegar hann krafðist endurgreiðslu á hlutfé því, sem hann hafði greitt.

Hinn 17. sama mánaðar var bú Vogalax hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Sú skylda hvíldi á áfrýjanda sem stjórnarmanni í Vogalaxi hf. frá 13. maí 1988 sem og öðrum stjórnarmönnum samkvæmt 52. gr. laga nr. 32/1978 að tilkynna til Hlutfélagaskrár, að hlutfjárhækkuninni væri lokið. Samkvæmt framansögðu er niðurstaða skiptaréttar staðfest og kröfu áfrýjanda hafnað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Það athugast, að óþarft var að kveðja til samdómendur í héraði, þar sem ágreiningur máls þessa er eingöngu um lagaatriði.

D ó m s o r ð:

Lýstri kröfu áfrýjanda, Harðar Jónssonar, að fjárhæð 7.500.000 krónur, á hendur stefnda, þrotabúi Vogalax hf., er hafnað.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Gullbringusýslu 21. júní 1991.

I. Inngangur.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 21. júní 1991. Málið, sem rekið er fyrir skiptarétti Gullbringusýslu, snýst um ágreining Sundagarða hf. og bústjóra og síðar skiptastjóra þrotabús Vogalax hf. um lýsta kröfu í búið. Krafan er að fjárhæð 15.010.385 kr., móttekin 26. 10. 1990, og hefur fengið númerið 87 í kröfuskrá.

Bústjórar búsins höfðuð kröfu þessari og áréttuðu síðan afstöðu sína sem skiptastjórar á skiptafundi 5. 3. 1991. Var þá ákveðið, að sérstakt skiptaréttarmál yrði rekið um ágreininginn. Sóknaraðili er Hörður Jónsson, kt. 130546-3589. Varnaraðili er þrotabú Vogalax hf., og er skiptastjóri í fyrirsvári fyrir það.

II. Dómkröfur.

Sóknaraðili mótmælir afstöðu skiptastjóra til kröfu nr. 87 á skrá um lýstar kröfur í þrotabú Vogalax hf. Krefst hann þess, að viðurkennd verði sem almenn krafa skv. 85. gr. I. nr. 3/1878 með síðari breytingum krafa sín að fjárhæð 7.500.000 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. I. nr. 25/1987 frá 22. 6. 1988 til greiðsludags. Er þess krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól og dráttarvextir reiknist þannig af fjárhæðinni á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 22. 6. 1989. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar [...].

Varnaraðili krefst í fyrsta lagi sýknu af kröfum sóknaraðila. Til vara krefst hann þess, að vextir af kröfufjárhæðinni verði einungis reiknaðir frá 9. 9. 1990. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila [...].

III. Málavextir.

Aðdragandi máls þessa er sá, að með úrskurði, upp kveðnum 17. 8. 1990 af skiptaráðbandanum í Gullbringusýslu, var bú Vogalax hf., kt. 621085-0509, tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til skuldheimtumanna var birt í Lögbirtingablaði 29. 8. 1990, og lauk kröfulýsingarfresti 29. 10. s. á.

Aðila greinir ekki á um málavexti, en málið er til komið vegna ágreinings um gildi hlutafjárauðninga, og verða málsatvik því rakin að því leyti, sem máli skiptir fyrir þetta ágreiningsefni.

Vogalax hf. var stofnað 22. 8. 1985. Í stofnsamningi er kveðið á um, að hlutafé skuli verða 37.000.000 kr. Tilgangur félagsins var sagður: „...að stunda atvinnurekstur á sviði fiskiræktar og annan skyldan atvinnurekstur, þar á meðal ræktun á laxaseiðum, ... hafbeiti á laxi, ... framleiðslu og útvegun á fódri og aðföngum og störf að tæknilegri þjónustu og ... vinnslu og sölu á fiskiræktarafurðum“. Í samþykktum félagsins, gerðum sama dag, er stjórn félagsins heimilað að auka hlutaféð um allt að 20.000.000 kr.

Hinn 11. 12. 1986 var haldinn hluthafafundur í Vogalaxi hf. Á þeim fundi var samþykkt að auka hlutafé félagsins um 50.000.000 kr., og var sú ákvörðun tilkynnt Hlutafélagaskrá og birt í Lögbirtingablaðinu 21. 1. 1987.

Á aðalfundi í Vogalaxi hf. 15. 5. 1987 var samþykkt heimild til stjórnar félagsins að hækka hlutafé félagsins um allt að 50.000.000 kr. með áskrift nýrra hluta. Skyldu hinir nýju hlutir boðnir á nafnverði að viðbættu endurmati vegna verðlagsbreytinga, ef aðstæður leyfðu. Samþykkti fundurinn að fela stjórn félagsins að ganga frá áskriftarskrá. Í fundargerð er tekið fram, að með þessu félli niður framangreind samþykkt hluthafafundar frá 11. 12. 1986 um hlutafjárauðningu. Á þessum fundi var jafnframt samþykkt með ákveðnum fyrirvörum að gefa út jöfnunarhlutabréf, samtals fyrir 10.000.000 kr. Eins og fram kemur hér á eftir, var Hlutafélagaskrá hins vegar tilkynnt, að jöfnunarhlutabréf hefðu verið gefin út fyrir 5.669.880 kr., og eru aðilar sammála um, að síðari talan sé rétt, og styðst það bæði við ársreikning Vogalax hf. fyrir árið 1988 og hluthafalista félagsins.

Með bréfi, dagsettu 27. 8. 1987, tilkynnti framkvæmdastjóri Vogalax hf. til Hlutafélagaskrár, að stjórn félagsins hefði ákveðið að auka hlutafé í nýju útboði um samtals 50.000.000 kr. Í bréfinu kemur einnig fram, að um áramótin 1986–1987 hafi nafnvirði hlutabréfa í Vogalaxi hf. verið 37.000.000 kr. og á aðalfundinum í maí hafi verið ákveðið að gefa út jöfnunarhlutabréf, samtals fyrir 5.669.880 kr. Muni heildarhlutafé félagsins þannig nema

92.669.880 krónum. Þessi tilkynning birtist svo í Lögbirtingablaðinu 4. 11. 1987.

Á aðalfundi í Vogalaxi hf. 13. 5. 1988 var samþykkt útgáfa jöfnunarhlutabréfa, að fjárhæð 12.015.100 kr., 23,61% af innborguðu hlutafé í félaginu, sem þá var 50.889.880 kr. Á þessum fundi voru Gísli V. Einarsson, Hörður Jónsson, Gunnar J. Friðriksson, Ólafur B. Ólafsson og Guðmundur Garðarsson kosnir í aðalstjórn félagsins.

Hinn 31. 5. 1988 var haldinn stjórnarfundur í Vogalaxi hf. Fyrir fundinum lá tilboð frá Gísli V. Einarssyni og Herði Jónssyni í öll óseld hlutabréf úr 50.000.000 króna útboðinu, samtals að nafnvirði 41.780.000 kr., en ekki mun hafa orðið af samningum í þetta skipti, vegna þess að aðilar urðu ekki samála um, hvort jöfnun ársins ætti að fylgja bréfunum.

Það ber næst við, að 16. 6. 1988 gerir framkvæmdastjóri Vogalax hf. fyrir hönd félagsins og með fyrirvara um samþykki stjórnar tvo samninga við Gísli V. Einarsson og Hörð Jónsson um kaup á eftirstöðvum útboðsins. Í fyrsta lagi er um að ræða kaupsamning, þar sem Gísli og Hörður kaupa hlutabréf fyrir 15.000.000 kr. að nafnvirði. Í kaupsamningnum er einnig kveðið á um, að þeir Gísli og Hörður eigi kauprétt á óseldum hlutabréfum úr sama útboði, að nafnvirði 26.580.000 kr., til 1. 10. 1988. Jafnframt er kveðið á um, að stjórn Vogalax hf. muni leggja fyrir löglegan hluthafafund í félaginu, að samþykkt aðalfundar frá 13. 5. um útgáfu jöfnunarhlutabréfa verði afturkölluð, en reynist það ekki framkvæmanlegt, skuli jöfnunin einnig taka til þeirra hluta, sem Gísli og Hörður keyptu, auk hlutanna, sem kauprétturinn var bundinn við. Kaupverðið samkvæmt þessum kaupsamningi var staðgreitt.

Þennan sama dag er gerður annar samningur milli sömu aðila, svonefndur viðbótarkauksamningur, en með honum kaupa Gísli og Hörður með tilteknum fyrirvörum þau hlutabréf, sem þeim var áskilinn kaupréttur að. Ágreiningur er með aðilum um, hvaða réttaráhrif samningur þessi hafi haft, og þykir rétt að taka umdeildar greinar hans upp í málavaxtalýsingu:

„2. gr.

Verði af kaupum skv. 1. gr. viðbótarkauksamnings þessa, skal kaupverðið vera nafnverð, sem greiðist þannig:

1. 1. október 1988	kr.	5.000.000
2. Með verðtryggðu og fasteignatryggðu skuldabréfi í auðseljanlegri fasteign til 4ra ára og 5% föstum vöxtum.		
Vísitala og vextir reiknist frá 1. október 1988	kr.	21.580.000
Samtals kaupverð	kr.	<u>26.580.000</u>

Kaupendur hafa rétt á að ganga út úr kaupunum fyrir 1. október 1988, telji þeir forsendur kaupanna vera brostnar. Með brostnum forsendum er átt við:

- a. Að veruleg frávik verði frá endurheimtum árið 1988 frá því, sem verið hefur. Endurheimtur skulu á árinu 1988 vera að lágmarki sem nemur 41.500 löxum (ca 10% endurheimtur).
- b. Að sjókvíar verði ekki settar svo nálægt starfsstöð Vogalax, að þær spilli möguleikum Vogalax til hafbeitar. Með lágmarksfjarlægð er átt við innan við 2000 m radíus frá sleppiaðstöðu Vogalax hf.
- c. Að verð á laxi á erlendum mörkuðum lækki ekki verulega frá því, sem nú er, þ. e., verð fari ekki niður fyrir kr. 350/kg (cif-verð), sem samsvarar skilaverði kr. 279/kg að meðaltali fyrir seldar afurðir Vogalax á tímabilinu júlí/september 1988.
- d. Að yfirlýsing fáiast frá stjórn Fjárfestingarfélagins um, að félagið hyggist stuðla að því, að kaupendur eigi forgangsrétt að hlutabréfum Weyerhauser.

4. gr.

Hlutabréfin, sem viðbótarkaupsamningur þessi tekur til, skal afhenda í samræmi við greiðslur, um leið og þær eru inntar af hendi. Afhendingu hlutabréfanna lýkur með síðustu greiðslunni 1. 10. 1988. Kaupendur öðlast atkvæðisrétt við afhendingu hlutabréfanna.“

4. 7. 1988 var haldinn sérstakur hluthafafundur í Vogalaxi hf. Í fundargerð kemur m. a. fram, að seldar hafi verið rúmar 8.000.000 kr. af 50.000.000 kr. útboði. Þá kemur fram, að kauptilboð hafi borist í eftirstöðvar útboðsins. Miðist það við nafnverð hlutabréfanna, og væri hlutafjárútboðinu í raun lokið. Rétt þykir að taka fram, að orðrétt segir í fundargerð: „Vilhjálmur Guðmundsson (framkvæmdastjóri Vogalax hf.) spurði, hvort ekki væri þörf á formlegri framlengingu útboðsins, þar sem ekki væri búið að greiða öll bréfin. Hjörtur Torfason taldi ekki nauðsyn á því, þar sem áskrift hefði fengist.“ Þessi hluthafafundur felldi úr gildi ákvörðun aðalfundar um útgáfu jöfnunarhlutabréfa í samræmi við fyrrgreinda kaupsamninga.

Aðilar eru sammála um, og ráða má af gögnum málsins, að innborgað hlutafé í Vogalaxi hf. hafi verið, þegar hér er komið sögu, 65.889.880 kr., þ. e. 37.000.000 kr. í stofnhlutafé, 5.669.880 kr. hækkun við jöfnun, 15.000.000 kr. greiddar af Gísla og Herði og 8.220.000 kr., sem söfnuðust meðal nokkurs fjölda aðila við hlutafjárútboðið.

Á framhaldsaðalfundi í félaginu, höldnum 5. 8. 1989, var ákveðin hlutafjárhækkun, 30.000.000 kr., en sú hækkun var ekki tilkynnt til Hlutafélagaskrár og mun aldrei hafa komið til framkvæmda.

Hinn 9. 8. 1990 rituðu Gísli V. Einarsson og Hörður Jónsson stjórn Vogalax hf. bréf, þar sem þeir krefjast endurgreiðslu á 15.000.000 kr., er þeir höfðu borgað fyrir hluti í félaginu samkvæmt fyrrgreindum kaupsamningum. Ástæðuna sögðu þeir vera, að ákvörðunin um hlutafjárhækkunina hefði ekki verið í samræmi við lög, auk þess sem áskrift hefði ekki fengist fyrir hlutafjáraukanum, og væri skuldbinding þeirra þannig niður fallin skv. 1. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga. Segja þeir jafnframt í bréfinu tilefni þess, að þeir hafi farið að kanna réttarstöðu sína, vera það, að á stjórnarfundum, sem haldinn var í Vogalaxi hf. 31. 7. 1990, hafi stjórnarformaður félagsins sagt starfi sínu lausu og ekkert síðan orðið úr boðuðum aðalfundi félagsins. Á fundi stjórnar 10. sama mánaðar var samþykkt að hafna endurgreiðslubeiðinni.

Hinn 17. 8. 1990 var bú Vogalax hf. tekið til gjaldþrotaskipta. 16. 10. s. á. lýsti sóknaraðili fyrrgreindri kröfu í búið, og var þeirri kröfu hafnað af bú- og skiptastjórum, eins og áður hefur fram komið.

IV. Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili.

1. Sóknaraðili telur, að ekki hafi verið tekin gild ákvörðun um hækkun hlutafjár. Í fyrsta lagi bendir hann á, að aðalfundurinn 15. 5. 1987 hafi ekki verið réttur vettvangur til að taka ákvörðun um hækkun hlutafjár, sbr. 1. mgr. 27. gr. 1. nr. 32/1978. Í öðru lagi hafi fundurinn ekki getað veitt stjórn félagsins heimild til hækkunar á hlutafé án þess að breyta samþykktum félagsins, eins og 1. mgr. 35., sbr. 30. gr. s. 1. áskilji. Telur sóknaraðili, að samþykkt tillögunnar geti í engu falli talist breyting á samþykktum félagsins, enda skorti umrædda heimildarveitingu þau efnisatriði, sem tilskilin eru í 2. mgr. 35. gr. hlutafélagalaga til að geta talist „samþykkt“ í skilningi laganna, auk þess sem hún sé ekki í samræmi við 1. og 2. mgr. 76. gr. s. 1. Í þessu sambandi bendir sóknaraðili á orðalag í tilkynningu framkvæmdastjóra Vogalax hf. til Hlutafélagaskrár, dags. 27. 8. 1987, en þar sé tilkynnt, að stjórnin hafi ákveðið að hækka hlutafé um 50.000.000 kr., en ekki vikið að samþykktum framangreinds fundar.

Sóknaraðili heldur því fram, verði litið svo á, að aðalfundurinn hafi getað tekið umrædda ákvörðun, að henni sé svo efnislega áfátt, að varði ógildi. Ekki hafi verið tiltekin skipting milli hlutaflokka eða kveðið á um forgangsrétt hluthafa til áskriftar auk vöntunar annarra þeirra atriða, sem um ræðir í 1. og 2. mgr. 30. gr., sbr. 2. mgr. 35. gr. hlutafélagalaga. Bendir sóknaraðili hér sérstaklega á, að hluti hafi orðið að greiða í reiðufé, þar sem ákvörðunin tiltaki ekki form greiðslu, sbr. 1. mgr. 31. gr. hlfl., en næst-

stærsti áskrifandi að hlutafjárauðnum, Fjárfestingarfélag Íslands, hafi einungis lýst yfir skuldajöfnuði við sína skuldbindingu.

Varðandi þessa málsástæðu heldur sóknaraðili því að lokum fram, að ekki hafi verið gætt ákvæða 71. gr., sbr. 27. gr. hlfl. um boðun aðalfundarins, og hafi fundurinn því ekki verið ályktunarhæfur. Telur hann hvíla á varnaraðila að færa fram gögn um, að löglega hafi verið að málum staðið að þessu leyti. Það hafi varnaraðili ekki gert, og beri hann því halla af skorti á sönnun, enda séu líkur fyrir, að framkvæmd að þessu leyti hafi „verið eftir öðru“.

2. Önnur meginmálsástæða sóknaraðila varðar áskrift að hlutafjárauðnum. Í fyrsta lagi hafi framkvæmdinni verið að mörgu leyti áfátt. Engin sérstök stjórnarsamþykkt hafi verið gerð um framkvæmd áskriftarinnar. Ekki hafi verið útbúin sérstök áskriftarskrá, sem þó var nauðsynlegt, þar sem áskrift lauk ekki með skráningu í gerðabók fundarins, sbr. ákvæði 32. gr. og 4. tl. 1. mgr. 30. gr. hlfl., og eigi því 7. gr. s. 1. við um skuldbindingar aðila, sbr. ákvæði 33. gr. laganna. Telur sóknaraðili, að túlka verði þessar reglur þannig, að sá, sem skráir sig fyrir hlut, verði því aðeins skuldbundinn, að tilkynnt sé með réttum hætti um hækkunina til Hlutfélagaskrár og viðkomandi hafi ekki áður mótmælt áskriftinni. Aldrei hafi verið tilkynnt með réttum hætti til Hlutfélagaskrár, og verði ekki úr því bætt.

Í öðru lagi álítur sóknaraðili, að áskriftarfrestur hafi verið liðinn, þegar umræddir kaupsamningar voru gerðir. Þar sem ekki hafi verið tiltekinn sérstakur áskriftarfrestur, hafi honum lokið ári eftir, að ákvörðun um hlutafjárauðningu var tekin, þ. e. 14. 5. 1988, sbr. niðurlag 2. mgr. 34. gr. hlfl. Þessu til stuðnings bendir sóknaraðili á orðalag í svokölluðu hlutafjárloforðsformi, sem notað var við söfnun áskrifta, en í því segi, að aðalfundur, sem haldinn hafi verið í maí 1987, hafi tekið ákvörðun um hlutafjárhækkunina og að útboði lyki í maímánuði 1988.

Í þriðja lagi heldur sóknaraðili því fram, að áskrift hafi ekki náðst og skuldbindingar sínar séu þess vegna ekki bindandi. Þar sem ekki hafi verið tiltekið sérstakt lágmark hlutafjárauðans, hafi þurft að fást áskrift fyrir allri hækkuninni, 50.000.000 kr., áður en áskriftarfresturinn var liðinn, sbr. 1. mgr. 34. gr., en þegar kaupsamningarnir við Gísla og Hörð voru gerðir 16. 6. 1988, sé óumdeilt, að áskrift hafi einungis fengist fyrir 8.220.000 kr. Einnig megi ráða af fundargerðum stjórnarfundna, að ekki hafi verið litið svo á í verki, að áskrift hafi náðst.

Verði hins vegar litið svo á, að frestir hafi ekki verið liðnir, þegar kaupsamningarnir voru gerðir, megi ljóst vera, að skilyrði, sem sett voru í viðbótarkaupsamningnum, hafi aldrei komið fram, hann því aldrei orðið

skuldbindandi og áskriftin aldrei náðst. Tímafrestina sé í öllu falli ekki hægt að teygja lengra en aftur í lok ágúst, og sé þá miðað við tilkynninguna til Hlutfélagaskrár. Reyndar sé skýringaratriði, hvort viðbótarkaupsamningurinn hafi verið skilyrtur kaupsamningur eða einungis hafi verið um að ræða nánari útfærslu á kaupréttinum, sem áskilinn var í fyrri kaupsamningnum. Og jafnvel þótti lítið verði svo á, að um áskrift með tilteknum skilyrðum hafi verið að ræða, hafi verið ljóst þegar í ágúst 1988, að skilyrði varðandi endurheimtur hafbeitarfisks kæmi ekki fram, enda hafi sóknaraðili aldrei verið krafinn um umrædda áskriftarfjárhæð, hvorki af stjórn Vogalax hf. né bústjórum þrotabús þess.

Sóknaraðili mótmælir því, að áhrif hafi, hvenær hann krefjist endurgreiðslu. Það breyti engu um rétt hans, því að krafan hafi ótvírætt verið fyrir hendi; lagareglur séu alveg skýrar. Einnig mótmælir sóknaraðili því, að um tómlætisverkanir hafi verið að ræða á þeim grunni, að tiltölulega skammur tími hafi liðið, frá því að sóknaraðili gerði sér grein fyrir rétti sínum og til þess að hann ákvað að standa á honum.

Afleiðingu þess, að áskrift náðist ekki, telur sóknaraðili vera með vísan til 1. mgr. 34. gr. hlfl., að ákvörðun um hlutfjárhækkun sé fallin niður sem og skuldbinding þeirra, sem skráð höfðu sig fyrir hlutum. Þessu til stuðnings bendir sóknaraðili á athugasemdir í frumvarpi um téða lagagrein og hæstaréttardóma frá árinu 1988, bls. 1624, 1646, 1652 og 1660 í dómasafni þess árs, þó að ekki hafi Hæstiréttur tekið beinlínis á ofangreindu atriði.

3. Verði ekki fallist á framangreint, telur sóknaraðili annmarka á skráningu hlutfjárhækkunarinnar leiða í öllu falli til þess, að skuldbindingar sínar séu niður fallnar. Ekki hafi verið gætt skýrra ákvæða 2. mgr. 34. gr. hlfl. að þessu leyti. Tilkynningin, sem send var Hlutfélagaskrá 27. 8. 1987, geti engan veginn talist fullnægja nefndum skilyrðum. Hún sé í fyrsta lagi markleysa, þar sem með henni sé verið að tilkynna um ákvörðun, sem aldrei hafi verið tekin. Stjórn Vogalax hf. hafi aldrei ákveðið að hækka hlutfé um 50.000.000 kr., enda hafði hún ekki heimild til þess. Í öðru lagi hafi enginn verið skráður fyrir hlut og ekkert verið greitt, þegar tilkynningin var send.

Sökum þess að tilkynningarskyldunni var ekki fullnægt, álfur sóknaraðili ótvírætt, að hlutfjárhækkunin sé ógild. Skýrt komi fram í niðurlagi 2. mgr. 34. gr. og athugasemdum með greininni, að regla 1. mgr. sömu greinar gildi skilyrðislaust í þessari aðstöðu.

Sóknaraðili mótmælir því, að staða Harðar Jónssonar hjá fyrirtækinu eigi að breyta einhverju um niðurstöðuna. Eftir að hann kom inn í stjórn, hafi engin skylda hvílt á honum að fullnægja tilkynningarskyldunni. Það komi til af því, að ljóst hafi verið, að áskriftin hafi mistekist og engin skylda sé að tilkynna áskrift, sem ekki hafi tekist.

Loks tekur sóknaraðili fram, að skráning á hækkun hlutafjár, sem samkvæmt fram lögðu vottorði Hlutfélagaskrár virðist hafa verið gerð, geti ekki haft nein réttaráhrif í málinu, þar sem um augljóst brot á 2. mgr. 34. gr., sbr. 147. gr. hlfl., sé að ræða. Virðist sem skráningin byggist að hluta til á tilkynningunni frá 21. 1. 1987 um samþykkt hluthafafundarins 11. 12. 1986.

4. Kröfu sína um endurgreiðslu á innborguðu hlutafé styður sóknaraðili því, að svo verulega skorti á, að farið væri að fyrirmælum hlutfélagalaga við hækkun hlutafjárins í Vogalaxi, að ótvírætt sé, að ákvörðunin hafi frá upphafi verið marklaus. Leiði hver einstök framangreindra málsástæðna til þeirrar niðurstöðu og því fremur, þegar þær eru lagðar saman. Þegar svona standi á, leiði það af 1. mgr. 34. gr. hlfl., að félagi beri að endurgreiða það, sem greitt hefur verið. Komi þetta skýrt fram í athugasemdum með 34. gr., þar sem segir, að endurgreiða beri inngreitt hlutafé með sama hætti og segir í 10. gr. um það tilvik, ef stofnhlutafé safnast ekki.

5. Um dráttarvaxtakröfu sína vísar sóknaraðili til 1. mgr. 9. gr. 1. nr. 25/1987 með síðari breytingum. Í greinargerð með 9. gr. vaxtalaga sé að finna skýrgreiningu á gjalddaga, sem miðað sé við í samræmi við efnisatriði hlutfélagalaga, og er sérstaklega vísað til 10. gr. hlfl. um það, hvenær krefjast megi endurgreiðslu. Endurgreiðsla eigi þannig að fara fram, um leið og ljóst sé, að hlutafjárhækkun hafi mistekist. Sá, sem greitt hafi fyrir hluti, eigi ekki að þurfa að þola vaxtatap, og eigi endurgreiðslukrafan að miðast við dráttarvexti frá þeim degi, er greitt var, og til þess dags, sem endurgreitt er.

Málskostnaðarkrafa er studd XII. kafla 1. nr. 85/1936. Krafa um vexti á málskostnað styðjist við 2. mgr. 175. gr. 1. nr. 85/1936, sbr. 21. gr. 1. nr. 54/1988.

Varnaraðili styður aðalkröfu sína með eftirfarandi:

1. Tillagan um heimild stjórnar til að hækka hlutaféð hafi verið sett fram skv. heimild í 35. gr. 1. nr. 32/1978. Í raun hafi verið um breytingu á samþykktum félagsins að ræða, þótt það hafi ekki verið skýrt tekið fram, enda sé hækkun hlutafjár í raun alltaf breyting á samþykktum félags. Nánar tiltekið hafi hér verið breytt grein 3.6. í stofnsamþykkt félagsins. Mótmælir varnaraðili algjörlega fullyrðingum sóknaraðila um, að hluthafafundurinn hafi ekki tekið formlega rétta ákvörðun.

Um efnisatriði tillögunnar tekur varnaraðili fram, að ákvæði um skiptingu í hlutaflokka og forgangsrétt hluthafa eða annarra til áskriftar hafi ekki þurft að taka upp, vegna þess að um þetta allt séu skýr ákvæði í samþykktum félagsins, og því hafi fundurinn ekki þurft að taka nýja afstöðu til

þessara atriða. Vöntun á ákvæði um frest til áskriftar og greiðslu hluta valdi ekki heldur ógildi tillögunnar. Telur sóknaraðili, að tilkynning framkvæmdastjóra Vogalax hf. til Hlutfélagaskrár um ákvörðun stjórnar um hækkun hlutafjár, dags. 27. 8. 1987, veiti örugga vitneskju um, að ákvörðun hafi verið tekin og þá í síðasta lagi síðastgreindan dag. Beri því að miða upphaf áskriftarfrestsins við þann dag, en ekki 15. 5. s. á. Þá tekur varnaraðili fram, að ákvæða 147. gr. hlfl. hafi verið gætt að þessu leyti.

Varnaraðili segir tilgang lagareglna V. kafla hlfl. um framkvæmd hlutafjárhækkunar miða að því, að félag fái í reynd þau verðmæti, sem greind eru í ákvörðun um hlutafjáraukningu, og að væntanlegir áskrifendur að nýjum hlutum eigi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um hag félagsins, áður en þeir taki ákvörðun um áskrift. Hörður Jónsson hafi haft alla aðstöðu til að kynna sér hag félagsins og framkvæmd útboðsins sem stjórnarmaður í félaginu, og hafi hann í raun borið ábyrgð á því sem stjórnarmaður, að leikreglur væru í heiðri hafðar. Hann hafi engar athugasemdir gert fyrr en viku fyrir gjaldþrot. Því sé ljóst, að frestir skv. 79. gr. hlfl. séu liðnir, bæði þriggja mánaða fresturinn skv. 2. mgr. og tveggja ára fresturinn í d-lið 3. mgr. Varnaraðili telur því, að jafnvel þótt litið verði svo á, að ákvörðunin hafi ekki verið lögmæt, sé ekki hægt að bera það fyrir sig nú vegna fyrrgreindra tímafresta og tómlætis.

Varnaraðili mótmælir því, að undantekningarákvæði a—c-liðar 3. mgr. 79. gr. hlfl. um fresti geti átt hér við. Hluthafar, sem fóru með yfir 99% hlutafjár, sóttu fundinn, auk þess sem ekkert hafi komið fram í málinu, sem styðji það, að boðun fundarins hafi verið ólögmæt, og er því mótmælt sem röngu og ósönnuðu. Sönnunarbyrði um þetta hvíli á sóknaraðila, og er því mótmælt, að varnaraðila beri skylda til að leggja fram gögn um þetta atriði.

Að lokum ítrekar varnaraðili, að áskrifendur að hlutum, sem boðnir voru út á grundvelli framangreindrar ákvörðunar, geti ekki sakir aðgerðaleysis borið ólögmæti ákvörðunar fyrir sig, verði hún á annað borð talin ólögmæt.

2. Varnaraðili mótmælir því, að áskriftin hafi verið með þeim hætti, að valdi ógildi hlutafjáraukans. Þótt ekki hafi verið útbúin sérstök áskriftarskrá, komi hin sérstöku formblöð, sem útbúin voru, í sama stað. Þótt litlar upplýsingar sé reyndar að finna um útbóðið í kaupsamningunum, geti það aldrei komið að sök, þar sem Herði Jónssyni mátti stöðu sinni samkvæmt vera gjörkunnugt um öll þau atriði, sem máli skiptu.

Varnaraðili heldur því fram, að með samningum, dags. 16. 6. 1988, hafi fengist full áskrift að öllum aukningarhlutum innan lögmæltis frests. Mótmælir hann því, að það skipti máli, að kaupunum var ekki skipt í hluta-flokka. Þá sé ljóst, að fyrirvarar eða skilyrði, sem sett voru í viðbótar-

kaupsamningunum, standist ekki samkvæmt hlutafélagalögum, og er í því sambandi vísað til 7. gr. laganna. Varnaraðili bendir einnig á í þessu sambandi, að með nefndum samningum sé öðrum meinað að gerast áskrifendur að hlutafjáraukanum. Þá hafi sóknaraðili aldrei mótmælt framkvæmd áskriftarinnar sem rangri við ráðherra, eins og kveðið er á um í 33. gr. hlfl., og geti hann þess vegna ekki borið þetta fyrir sig nú.

3. Um skráningu hlutafjárhækkunarinnar tekur varnaraðili fram, að tilgangurinn með 2. mgr. 34. gr. hlfl. sé sá, að hluthafar og viðskiptamenn félags fái upplýsingar um, hvort hlutafjárhækkun hafi náð fram að ganga, og geti treyst því, að verðmæti hlutafjárukans hafi skilað sér. Hér sé verið að vernda hina almennu hluthafa og viðskiptamenn, þ. e. þá, sem enga möguleika hafi á að kynna sér hag félags með öðrum hætti. Álitur varnaraðili, að staða Harðar Jónssonar sé ekki með þeim hætti, að hann falli undir framangreindan hóp aðila. Hann hafi setið báðum megin borðs við samningagerðina og allan tímann haft vitneskju um, hvað hlutafjárútboði liði. Hörður hafi því tekið ákveðna áhættu, vitandi vits um allar aðstæður, en aldrei gert neinar athugasemdir við framkvæmdina, fyrr en ljóst var, að fyrirtækið yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Leggur varnaraðili hér ríka áherslu á tveggja ára tómlæti og að ekki sé hægt að segja, að sóknaraðili hafi orðið fyrir nokkru fjárhagstjóni beinlínis vegna þess, að ekki hafi verið tilkynnt til Hlutafélagaskrár. Þá tekur varnaraðili fram, að á Herði Jónssyni hafi sem stjórnarmanni hvílt sú embættisskylda að fullnægja lögboðinni tilkynningarskyldu. Einnig bendir varnaraðili hér á ákvæði í 16. kafla l. nr. 38/1978 um bótaábyrgð stjórnarmanna vegna tjóns, sem þeir valdi félagi af ásetningi eða gáleysi. Ef talið verði, að sóknaraðili eigi endurgreiðslurétt, verði hann bótaskyldur um sömu fjárhæð. Varnaraðili telur, að ef um ágalla hafi verið að ræða á nefndri tilkynningu, sé ljóst, að sá ágalli sem slíkur hafi ekki valdið sóknaraðila neinu fjárhagstjóni.

Varnaraðili vekur sérstaka athygli á vottorði Hlutafélagaskrár, dags. 23. 7. 1990, um heildarhlutafé í Vogalaxi hf. Þar komi fram, að heildarhlutafé í félaginu nemi 92.669.880 kr., og byggist sú tala á tilkynningu félagsins frá 27. 8. 1987. Hlutafélagaskrá hafi þannig fyrirvaralaust álitíð skráninguna fullnægjandi, og hljóti það að skipta máli.

Að lokum bendir varnaraðili á, að ef talið verði, að hlutafjárukningin hafi verið ógild, hafi Hörður Jónsson haft völd og áhrif í Vogalaxi hf., en ekki átt í fyrirtækinu. Sérstaklega vísar varnaraðili til skýrslu, sem Vilhjálmur Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri, gaf fyrir skiptarétti 18. 10. 1990 um mjög gildan þátt Gísla V. Einarssonar og Harðar Jónssonar í daglegri stjórnun fyrirtækisins.

Varakrafa varnaraðila.

Verði fallist á kröfu sóknaraðila um, að hlutafjárukningin hafi verið ólögmæt eða fallið úr gildi á síðari stigum, mótmælir varnaraðili því, að dráttarvextir verði reiknaðir frá 22. 6. 1988. Ekki sé um fyrir fram ákveðinn gjalddaga að ræða, og beri krafa sóknaraðila því einungis vexti frá 9. 9. 1990, þ. e. einum mánuði eftir að krafan er fyrst höfð uppi, í samræmi við 9. gr. 1. nr. 25/1987. Að öðru leyti vísar varnaraðili til 78. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 6/1978 og 8. kafla skiptalaga nr. 3/1887, sbr. 1. nr. 32/1974.

Þrautavarakrafa varnaraðila.

Hér vísar varnaraðili til 14. gr. hlfl. og álítur, að eðlilegt sé að beita sömu vaxtareglu í þessu tilviki og þegar um vangreitt hlutafé er að ræða, ef miðað verði við fyrri upphafsdag vaxta en 9. 9. 1990.

V. Niðurstaða.

Ákvörðun um hlutafjárhækkun. Eins og að framan greinir, var tekin ákvörðun um hlutafjárhækkun í Vogalaxi hf. 15. 5. 1987. Var það gert á aðalfundi, og er ekki annað komið fram en til hans hafi verið boðað á lögmatan hátt. Upprunalegt hlutafé var 37.000.000 kr., og samkvæmt samþykktum var heimilt að hækka það um 20.000.000 kr. Fundurinn samþykkti að heimila stjórninni að hækka hlutaféð um 50.000.000 kr. Er eitt af þrætu-eplum málsins, hvort löglega hafi verið staðið að þessari ákvörðun. Fyrir liggur, að fundurinn heimilaði stjórninni að hækka hlutaféð, en samþykktum félagsins var ekki formlega breytt, eins og tilskilið er í 35. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978. Framkvæmdastjóri Vogalax hf. sendi tilkynningu til Hlutafélagaskrár um þessa hækkun. Aðalfundurinn, sem jafnframt var hluthafafundur, var til þess bær að ákveða hækkun hlutafjár og fela stjórn félagsins framkvæmd hennar. Verður því að telja, að löglega hafi verið stofnað til aukningar hlutafjár. Þótt skort hafi á nánari útfærslu hlutafjárhækkunarinnar, s. s. skiptingu í hlutaflokka og forgangsrétt hluthafa, verður það ekki talið skipta máli. Í samþykktum félagsins var kveðið á um þessi atriði, svo að hlutaðeigandi mátti vera kunnugt um, hvernig hækkuninni skyldi vera farið.

Áskrift að hlutafé. Aðferð sú, sem höfð var við áskrift hluta í félaginu, var ekki í samræmi við V. kafla hlutafélagalaga nr. 32/1978. Í fyrsta lagi var ekki útbúin sérstök áskriftarskrá, undirrituð af félagsstjórn, svo sem boðið er í 1. mgr. 32. gr. s. 1. Í öðru lagi virðist áskrift hafa farið fram með því, að gerðir voru samningar um hlutafjárkaup, eða með undirritunum á þar til gerð eyðublöð. Í 1. mgr. 32. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978 er gert ráð fyrir, að áskrift fari fram með sérstakri áskriftarskrá eða í fundargerðabók. Þrátt fyrir þessa annmarka þykir þessi ákvörðun um áskrift standast, enda var

henni ekki mótmælt við ráðherra, svo sem 33. gr., sbr. 7. gr., hlutafélagalaga nr. 32/1978 áskilur.

Auk framangreindra atvika reisir sóknaraðili ógildingarkröfu sína á því, að áskrift hafi ekki náðst að því lágmarki, sem ákveðið var. Eins og áður er rakið, telst hafa komist á bindandi kaupsamningur á milli sóknaraðila og hlutafélagsins auk skilyrts viðbótarkaupsamnings. Að vísu brugðust þær forsendur, sem viðbótarkaupsamningurinn var reistur á, en engu að síður voru aðrir útilokaðir frá hlutafjárútboðinu, og gat áskriftin því ekki tekist á annan hátt. Þar af leiðir, að áskrift tókst og enginn mótmælti. Mótmæli sóknaraðila síðar þykja of seint fram komin.

Skráning. Fallast má á það með sóknaraðila, að reglum um skráningu hafi ekki verið fylgt sem skyldi. Á hitt ber hins vegar að líta, að sóknaraðili sat í stjórn Vogalax hf. frá 13. 5. 1988 og bar því að fylgjast með, að formreglum hlutafélagalaga nr. 32/1978 væri fylgt, sbr. 52. gr. s. 1. Þá skyldu sína vanrækti sóknaraðili, hvað tilkynningu til Hlutafélagaskrár snerti, skv. 2. mgr. 34. gr. 1. nr. 32/1978, þ. e. að tilkynna Hlutafélagaskrá innan árs.

Stjórnarmenn í hlutafélögum geta almennt ekki borið fyrir sig misbrest á formreglum þeim, sem kveðið er á um í hlutafélagalögum nr. 32/1978. Bæði er, að þeim á að vera ljóst, hvaða ákvarðanir hafa verið teknar, og hitt, að formreglur laganna eru settar með það fyrir augum að vernda almenna hluthafa og viðskiptamenn, þ. e. a. s. þá, sem verða að treysta á upplýsingar frá Hlutafélagaskrá. Þær eiga ekki að vera skjól fyrir fyrirsvarsmenn félaga, sem jafnframt eru hluthafar. Ella væri þeim í löfa lagið að ná völdum í hlutafélögum, en beita lögunum sér í hag, eftir að í óefni er komið, og nýta sér þessar reglur til að verða lausir allra mála.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að kröfu sóknaraðila, nr. 87 á kröfufylýsingarskrá, er algerlega hafnað. Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðili úrskurðaður til að greiða 170.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Úrskurð þennan kváðu upp Þorsteinn Pétursson, aðalfulltrúi skiptaráðanda, auk meðdómsmannanna Gunnars Aðalsteinssonar héraðsdómara og Magnúsar K. Hannessonar lektors.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu nr. 87 á kröfufylýsingarskrá í þrotabú Vogalax hf. er algerlega hafnað. Sóknaraðili, Hörður Jónsson, greiði varnaraðila, þrotabúi Vogalax hf., 170.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.